



## SKILMÁLAR UM RAFRÆN SAMSKIPTI OG AFHENDINGU GAGNA

### 1 Efni skilmála og skilyrði

- 1.1 Skilmálar þessir gilda um rafræn samskipti og afhendingu gagna milli VÍS og váttryggingartaka, (í skilmálum þessum hér eftir „rafræn afhending“).

### 2 Rafræn afhending

- 2.1 Með beiðni um rafræna afhendingu gagna og samþykki þessara skilmála veitir váttryggingartaki VÍS heimild til þess að beina samskiptum sínum við váttryggingartaka og afhenda gögn og aðrar upplýsingar til váttryggingartaka í gegnum Mitt VÍS í stað þess að váttryggingartaki fái gögn og aðrar upplýsingar sendar á pappíriformi, eða með öðrum hætti á lögheimili.
- 2.2 Tilkynningar VÍS til váttryggingartaka, afhending gagna, þ.m.t. váttryggingarskírteina, og önnur upplýsingagjöf VÍS, hvort sem er lögbundin eða ekki, fer þannig fram í gegnum Mitt VÍS.
- 2.3 Rafræn afhending gagna í gegnum Mitt VÍS jafngildir afhendingu á pappíriformi. Þannig telst sending gagna og annarra upplýsinga í gegnum Mitt VÍS fela í sér „skriflega sendingu gagna“ í skilningi laga, þ.m.t. laga nr. 30/2004 um váttryggingarstarfsemi.

### 3 Tilkynning um rafræna afhendingu

- 3.1 Þegar VÍS sendir váttryggingartaka upplýsingar eða skjöl í gegnum Mitt VÍS tilkynnir VÍS váttryggingartaka um slíka sendingu með tölvupósti eða smáskilaboðum í síma, eða með öðrum rafrænum hætti sem váttryggingartaki hefur skráð í Mitt VÍS.
- 3.2 Afhending á upplýsingum eða gögnum telst hafa átt sér stað á þeim degi sem VÍS sendir váttryggingartaka tilkynningu með rafrænum hætti um að ný gögn sé að finna á Mitt VÍS.
- 3.3 Netfang, farsímanúmer eða önnur rafræn samskiptaleið sem VÍS notast við, sbr. grein 3.1, eru þær upplýsingar sem váttryggingartaki hefur skráð í Mitt VÍS. Váttryggingartaki ber ábyrgð á því að upplýsingar um samskiptaleiðir VÍS við váttryggingartaka séu ávallt réttar inn í Mitt VÍS. Einfalt er að breyta slíkum upplýsingum inn í Mitt VÍS.
- 3.4 Váttryggingartaki samþykkir að halda VÍS skaðlausu í tengslum við hvers kyns tjón sem váttryggingartaki kann að verða fyrir vegna breytinga á netfangi, símanúmeri eða upplýsingum um aðra samskiptaleið við váttryggingartaka sem hann hefur ekki tilkynnt VÍS.

### 4 Afturköllun samþykkis á rafrænni afhendingu

- 4.1 Váttryggingartaki getur hvenær sem er afturkallað beiðni sína um að fá tilkynningar, gögn og aðrar upplýsingar sendar með rafrænum hætti með því að senda beiðni um slíkt á [vis@vis.is](mailto:vis@vis.is).
- 4.2 Uppsögn á rafrænni afhendingu gagna samkvæmt skilmálum þessum tekur gildi 10 dögum eftir að váttryggingartaki hefur sent VÍS beiðni þar um, sbr. grein 4.1.
- 4.3 Eftir uppsögn skal VÍS senda váttryggingartaka tilkynningar, upplýsingar og önnur gögn á pappíriformi með pósti á lögheimili. Þau gögn sem VÍS hefur sent váttryggingartaka fyrir uppsögn eru hins vegar ekki endursend váttryggingartaka á pappíriformi og samþykki þau sem váttryggingartaki hefur veitt VÍS í gegnum Mitt VÍS fyrir uppsögn halda gildi sínu.

## **5 Rafræn undirskrift váttryggingartaka**

- 5.1 Með samþykki þessara skilmála lýsir váttryggingartaki því yfir að hann geri sér grein fyrir því og samþykki að þegar hann hakar við, undirritar með rafrænum hætti eða samþykkir með öðrum hætti inn á Mitt VÍS að hann samþykki tiltekin gögn eða aðrar upplýsingar í Mitt VÍS þá feli það í sér vilja hans til þess að undirrita viðkomandi skjal og jafngildir slíkt samþykki fullgildri undirritun hans gagnvart VÍS.

## **6 Öryggiskröfur og tæknibúnaður**

- 6.1 Með beiðni um afhendingu rafrænna gagna og samþykki á skilmálum þessum lýsir váttryggingartaki því yfir og ábyrgist að hann geti mótttekið og nálgast gögn þau sem VÍS hefur heimild til þess að senda honum með rafrænum hætti í gegnum Mitt VÍS og að váttryggingartaki hafi aðgang að uppgefnu netfangi, farsímanúmeri, og öðrum samskiptaleiðum sem váttryggingartaki hefur samþykkt að VÍS megi nota í til að senda váttryggingartaka tilkynningar.
- 6.2 Váttryggingartaki lýsir því jafnframt yfir að hann geti opnað skjöl í því viðmóti sem VÍS notast við hverju sinni. Geti váttryggingartaki ekki opnað rafræn skjöl frá VÍS skal váttryggingartaki tilkynna VÍS þar um tafarlaust.

## **7 Ábyrgð VÍS**

- 7.1 VÍS ber ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði váttryggingartaka, tengingar hans við veraldarvefinn eða þeim hugbúnaði sem notaður er til tengingar við Mitt VÍS, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir í Mitt VÍS geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en ætlast var til, s.s. vegna tæknibilana eða truflana í tölvukerfi.
- 7.2 VÍS ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun váttryggingartaka eða annars aðila með eða án umboðs váttryggingartaka, eða tjóni sem rekja má til rangra aðgerða váttryggingartaka eða annars aðila sem framkvæmdar eru undir auðkenni váttryggingartaka.
- 7.3 VÍS ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h. Þá ber VÍS ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna annarra tilvika sem telja verður að falli undir óviðráðanleg atvik.

## **8 Breytingar á skilmálum**

- 8.1 VÍS áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum þessum. Tilkynna skal váttryggingartaka um slíkar breytingar með birtingu tilkynningar um breytta skilmála inn á Mitt VÍS.

## **9 Önnur ákvæði**

- 9.1 Rísi ágreiningur milli váttryggingartaka og VÍS í tengslum við skilmála þessa eða notkun á Mitt VÍS sem aðilar geta ekki leyst sín á milli skal bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Skilmálar þessir taka gildi 15. maí 2015.